

Fundargerð 484

Fimmtudaginn 16. apríl 2020 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar. Fundað var með fjarfundarbúnaði. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Magnús B. Jónsson (MBJ) stjórnarformaður, Gunnar Þorgeirsson (GP), Halldóra Kristín Hauksdóttir (HKH), Karl Björnsson (KB), María Hjálmarsdóttir (MaH) og Sigríður Jóhannesdóttir (SJ). Auk þeirra sátu fundinn; Aðalsteinn Þorsteinsson (AÞ) forstjóri, Arnar Már Elíasson (AME) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hrund Pétursdóttir (HP) umsjónarmaður áhættustýringar (við dagskrárlið 6), Sigríður Elín Þórðardóttir (SEP) forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 9:02 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu
2. Lánamál - til afgreiðslu
3. Reglur um lausafjárstýringu - til umræðu
4. COVID-19 - til upplýsingar
5. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun - til kynningar
6. Áhættuskýrsla 1. ársfjórðungs 2020 - til kynningar
7. Skýrsla um framfylgd jafnréttisáætlunar - til kynningar
8. Fundargerðir lánafefndar - til kynningar
9. Önnur mál
10. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar nema annað sé tekið fram.

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur fundargerð síðasta fundar nr. 483. Formaður bar upp fundargerðina og var hún samþykkt samhljóða.

2. Lánamál - til afgreiðslu

...
...
...
...

3. Reglur um lausafjárstýringu - til umræðu

Fyrir fundinum liggur drög að reglum um fjárstýringu Byggðastofnunar sem MH kynnti og er óskað ábendinga stjórnar. Gert er ráð fyrir að reglurnar verði lagðar fram til samþykktar á næsta stjórnarfund.

Þá var lagt fram til kynningar erindi frá Sparisjóði Suður-Þingeyinga þar sem kannaður er áhugi á því að Byggðastofnun geymi laust fé hjá sparisjóðnum.

Til máls tóku GP, MaH, KB, MBJ og SJ.

4. COVID-19 - til upplýsinga

AÐ kynnti stöðuna og áhrif faraldursins á starfsemi stofnunarinnar. Viðbragsáætlun var gerð og starfsmannahópnum hefur verið skipt í tvennt. Einnig hefur verið leitast við að draga úr smithættu með ýmsum aðgerðum. Þrátt fyrir það gangi verkefni vel og hafa verið haldnir samráðsfundir með atvinnuþróunarfélögum og landshlutasamtökum sveitarfélaga. AME sagði mikil samskipti vera við viðskiptavini stofnunarinnar. Búið er að afgreiða 42 skilmálabreytingar og milli 10 og 20 eru í vinnslu. Líklegt er þó að að 6 mánuðum liðnum muni þurfa að taka mörg málanna upp aftur.

Til máls tóku MBJ og GP.

5. Staða rekstrar og verkefna - til upplýsinga

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir rekstur 31. mars og stöðu verkefna á starfsáætlun. AÐ kynnti upplýsingar um reksturinn og SEP fór yfir helstu verkefni á þróunarsviði. AME upplýsti að stjórn EIF myndi taka fyrir umsókn Byggðastofnunar núna í lok apríl og væntanlega yrði hægt að kynna niðurstöðu þeirra fyrir stjórn í maí.

Til máls tóku KB, GP, SEP, AME, AÐ Rætt um 200 m.kr. aukið framlag til sóknaráætlunar og að gera úttekt á áhrifum COVID-19 á atvinnulíf í landsbyggðunum, ekki síst í ferðaþjónustu með sérstaka áherslu á svæði þar sem ferðaþjónusta hefur haft mikla þýðingu varðandi atvinnutekjur og fjármál sveitarfélaga. Beiðni um slíka úttekt hefur borist frá SRN og er þróunarsvið byrjað að taka þetta saman.

6. Áhættuskýrsla 1. ársfjórðungs 2020 - til kynningar

HP kom inn á fundinn undir þessum lið.

Fyrir fundinum liggur áhættuskýrsla 1. ársfjórðungs 2020 sem HP kynnti. Öll áhættuviðmið eru innan ásettra marka utan LPA mælikvarða sem skýrist af því að aðilum með 90 daga vanskil hefur fjölgað.

Til máls tóku MBJ, GP, SJ, KB og AÐ.

HP vék af fundi.

7. Skýrsla um framfylgd jafnréttisáætlunar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur skýrsla um framfylgd jafnréttisáætlunar Byggðastofnunar fyrir árið 2019 sem MH kynnti.

8. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 11/20-14/20.

Til máls tóku GP, KB, AME og AÐ

9. Önnur mál

Sauðármýri 2

Fyrir fundinum liggur samantekt frá Framkvæmdasýslu ríkisins um stöðu framkvæmda á Sauðármýri 2 sem AÐ kynnti. Húsið er að verða tilbúið og er byrjað á lóðinni. Verkið er á áætlun en þó gæti dregist að afhenda húsið 1. maí eins og til stóð vegna COVID-19 þar sem einungis 20 manns geta verið í einu á vinnustaðnum. Stöðufundur verður í næstu viku til að staðfesta verklokin. Útboð á húsgögnum fór fram með örútboði á vegum Ríkiskaupa. Ekki er gert ráð fyrir afhendingu húsbúnaðar fyrr en 18. júní. Vígsla er svo fyrirhuguð í ágúst.

10. Næsti fundur

Ekki lá fyrir tillaga að dagsetningu næsta fundar.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 10:35

Magnús Helgason fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____